

# Landhelgisgæsla Íslands

## Ársreikningur 2011

Landhelgisgæsla Íslands  
Skógarhlíð 14,  
Reykjavík.  
710169-5869

## Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings .....	3
Áritun endurskoðenda .....	4
Rekstrarreikningur .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Sjóðstreymi .....	7
Skýringar .....	8

## Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings


Landhelgisgæsla Íslands starfar skv. lögum nr. 52/2006, sem tóku gildi 1. júlí 2006 og hefur dómsmálaráðherra með höndum yfirstjórn allrar starfsemi Landhelgisgæslu Íslands. Verkefni hennar eru:


- Öryggisgæsla á hafinu í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands, samninga við önnur ríki og ákvæði laga.
- Löggæsla á hafinu, þ.m.t. fiskveiðieftirlit og aðstoð við löggæslu á landi í samvinnu við ríkislögreglustjóra og lögreglustjóra.
- Leitar- og björgunarþjónusta við sjófarendur, skip og önnur farartæki á sjó.
- Leitar- og björgunarþjónusta við loftför.
- Leitar- og björgunarþjónusta á landi.
- Aðkallandi sjúkraflutningar í samvinnu við aðra björgunaraðila.
- Aðstoð við almannavarnir.
- Aðstoð, þegar eðlilegar samgöngur bregðast, svo sem vegna hafíss, snjóalaga, ofviðra eða náttúruhamfara.
- Eftirlit á hafinu samkvæmt lögum um siglingavernd og öðrum sambærilegum lögum.
- Að tilkynna um, fjarlægja eða gera skaðlaus reköld, tundurdufl, sprengjur eða aðra hluti sem sjófarendum getur stafað hættu af auk sprengjueyðingar á landi.
- Sjósmælingar, sjókortagerð, útgáfa tilkynninga til sjófarenda, sjávarfallataflna og leiðsögubóka auk annarra rita sem tengjast siglingum.
- Móttaka tilkynninga frá skipum samkvæmt lögum um útlendinga og eftirlit með lögsögumörkum á hafinu.

Á árinu 2011 varð um 56 m.kr. tekjuhalli af rekstri Landhelgisgæslunnar. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir stofnunarinnar 1.059,6 m.kr., skuldir 628,9 m.kr. og eigið fé 430,7 m.kr. í árslok 2011.

Forstjóri og framkvæmdastjóri rekstrarsviðs staðfesta ársreikning Landhelgisgæslu Íslands fyrir árið 2011 með undirritun sinni.

Reykjavík, 29. október 2012.

  
Georg Kr. Lárusson,  
forstjóri.

  
Sólmundur Már Jónsson,  
framkvæmdastjóri rekstrarsviðs.

## Áritun ríkisendurskoðanda

Til innanríkisráðuneytisins og Landhelgisgæslu Íslands

Við höfum endurskoðað ársreikning Landhelgisgæslu Íslands fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Hann er lagður fram af stjórnendum stofnunarinnar og eru þeir ábyrgir fyrir gerð og framsetningu hans í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins.

Við erum ábyrgir fyrir því áliti sem látið er í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðunin fólst í eftirfarandi aðgerðum:

- að sannreyna að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri og efnahag í samræmi við góða reikningsskilavenju fyrir A-hluta ríkisstofnanir,
- að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur,
- að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á og
- að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfsemi ef þær eru, birtar í ársreikningi.

Endurskoðunin byggir á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Hún felur meðal annars í sér áhættugreiningu, greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir. Við teljum að endurskoðunin hafi byggt upp nægjanlega traustan grunn til að staðfesta réttmæti ársreikningsins.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af Landhelgisgæslu Íslands á árinu 2011, efnahag 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011 í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun, 29. október 2012



Sveinn Arason,  
ríkisendurskoðandi.

## Rekstrarreikningur árið 2011

Tekjur	Skýr.	2011	2010
Sértekjur .....	1	1.384.631.215	854.031.143
Tekjur af samrekstri .....	2	110.815.080	108.716.555
		<u>1.495.446.295</u>	<u>962.747.698</u>
<b>Gjöld</b>			
Yfirstjórn og lager .....	3	240.701.633	215.215.401
Aðgerðarsvið .....	4	42.317.468	39.136.985
Stjórnstöð .....	5	159.234.853	146.120.709
Sprengjudeild .....	6	87.363.453	76.249.251
Köfunarsveit .....	7	8.627.927	8.442.736
Skiparekstur .....	8	1.131.739.859	800.576.801
Flugrekstur .....	9	2.331.612.226	2.141.737.842
Loftrýmiseftirlit .....	9	750.670.364	0
Sjómælingar og kortagerð .....	10	87.985.351	73.934.527
		<u>4.840.253.134</u>	<u>3.501.414.252</u>
Eignakaup .....	11	113.444.719	61.469.102
		<u>4.953.697.853</u>	<u>3.562.883.354</u>
<b>(Tekjuhalli)</b>		<b>( 3.458.251.558)</b>	<b>( 2.600.135.656)</b>
Fjármunatekur (Fjármagnsgjöld) .....	12	776.737	13.660.545
<b>(Tekjuhalli) fyrir ríkisframlag</b>		<b>( 3.457.474.821)</b>	<b>( 2.586.475.111)</b>
Ríkisframlag .....		<u>3.401.500.000</u>	<u>2.834.700.000</u>
<b>(Tekjuhalli) tekjuafgangur ársins</b>		<b><u>( 55.974.821)</u></b>	<b><u>248.224.889</u></b>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2011

Eignir	Skýr.	2011	2010
<b>Veltufjármunir</b>			
Birgðir .....		56.503.969	56.228.880
Ríkissjóður .....	13	0	153.507.829
Viðskiptakröfur .....		561.832.475	113.723.546
Vörslufé .....		91.235.950	0
Handbært fé .....		349.994.519	415.842.722
<b>Eignir alls</b>		<b>1.059.566.913</b>	<b>739.302.977</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
<i>Höfuðstóll:</i>			
Höfuðstóll í ársbyrjun .....		372.849.033	124.624.144
Flutt staða 1.1 frá Varnamálastofnun .....		106.510.665	0
(Tekjuhalli) tekjuafgangur ársins .....		( 55.974.821)	248.224.889
<b>Höfuðstóll</b>	<b>14</b>	<b>423.384.877</b>	<b>372.849.033</b>
<i>Annað eigið fé:</i>			
Bundið eigið fé .....		7.324.606	7.324.606
<b>Annað eigið fé</b>	<b>14</b>	<b>7.324.606</b>	<b>7.324.606</b>
<b>Eigið fé</b>		<b>430.709.483</b>	<b>380.173.639</b>
<b>Skuldir</b>			
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Ríkissjóður .....	14	138.486.830	0
Viðskiptaskuldir .....		399.134.650	359.129.338
Vörslufé .....		91.235.950	0
<b>Skuldir</b>		<b>628.857.430</b>	<b>359.129.338</b>
<b>Eigið fé og skuldir alls</b>		<b>1.059.566.913</b>	<b>739.302.977</b>

## Sjóðstreymi árið 2011

Rekstrarhreyfingar	Skýr.	2011	2009
<i>Veltufé frá rekstri:</i>			
(Tekjuhalli) tekjuafgangur ársins.....	(	55.974.821)	248.224.889
<b>Veltufé frá rekstri:</b>	(	<u>55.974.821)</u>	<u>248.224.889</u>
<i>Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:</i>			
Birgðir (hækkun)/lækkun.....	(	275.089)	( 4.477.545)
Skammtímakröfur (hækkun)/ lækkun.....	(	539.344.879)	( 25.836.254)
Viðskiptaskuldir hækkun.....		131.411.137	141.580.280
	(	<u>408.208.831)</u>	<u>111.266.481</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	(	464.183.652)	359.491.370
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Höfuðstóll Varnamálastofnunar.....		106.340.791	0
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>		<u>106.340.791</u>	<u>0</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
<i>Breyting á stöðu við ríkissjóð</i>			
Framlag ríkissjóðs.....	(	3.401.500.000)	( 2.834.700.000)
Greitt úr ríkissjóði.....		3.693.494.659	2.762.974.388
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		<u>291.994.659</u>	<u>( 71.725.612)</u>
<b>Hækkun/(lækkun) á handbæru fé.....</b>	(	65.848.202)	287.765.758
<b>Handbært fé í ársbyrjun.....</b>		<u>415.842.722</u>	<u>128.076.965</u>
<b>Handbært fé í lok ársins</b>		<u><u>349.994.519</u></u>	<u><u>415.842.722</u></u>

## Skýringar

### Reikningsskilaaðferðir

#### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Landhelgisgæslu Íslands er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögunum eiga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Stofnanirnar eiga almennt ekki að taka lán til langs tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.

#### Skattar

Landhelgisgæslan greiðir ekki tekjuskatta.

#### Skráning tekna

Tekjur stofnunarinnar eru bókaðar í þeim mánuði sem reikningar eru gefnir út.

#### Skráning gjalda

Gjöld eru almennt bókuð þegar reikningar berast stofnuninni. Í lok ársins eru áfallin gjöld, er tilheyra viðkomandi rekstrarári, færð á rekstrarreikning og sem ógreidd gjöld í árslok.

#### Vörubirgðir

Vörubirgðir samanstanda af fullunnum vörum á kortalager og rekstrarvörulager. Þær eru metnar á kostnaðarverði.

#### Viðskiptakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á kostnaðarverði.

#### Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum.

#### Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna Landhelgisgæslu Íslands er áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs er lífeyrisskuldbinding ekki færð í ársreikning einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur er hún færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

## Skýringar

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á kostnaðarverði.

### Bókhald og fjárvarsla

Bókhald Landhelgisgæslu Íslands er fært á skrifstofu stofnunarinnar í samræmi við samræmdan bókhaldslykil ríkisstofnana í Oracle. Auk þess sér stofnunin um allar fjárreiður hennar og launabókhald. Launaafgreiðsla Fjársýslu ríkisins sér um greiðslur launa.

### Fjárheimildir og rekstur

Fjárveitingar á fjárlögum til Landhelgisgæslu Íslands námu samtals 2.766,0 m.kr. Fjárheimildir hækkuðu samtals um 635,5 m.kr. á árinu. Þær hækkuðu um 61,4 m.kr. vegna launabóta og um 21,2 vegna millifærslu rekstrarbóta. Til viðbótar hækkuðu þær um 552,9 m.kr. er millifært var á milli fjárlagaliða vegna flutnings loftrýmiseftirlitsins frá Varnarmálastofnun.

Rekstrargjöld, að frádregnum sértekjum, námu samtals 3.457,5 m.kr. og urðu því 56,0 m.kr. hærri en fjárheimild ársins. Sundurliðun er sem hér greinir:

Í þús. kr.	Fjárlög	Fjárheimild	Reikningur	Frávik
Sértekjur .....	( 82.000 )	( 1.162.000 )	( 1.528.062 )	366.062
Laun og launatengd gjöld .....	1.326.900	2.049.100	2.034.232	14.868
Önnur rekstrargjöld .....	1.494.300	2.487.600	2.837.662	( 350.062 )
Tilfærslur .....	0	0	198	( 198 )
	<u>2.739.200</u>	<u>3.374.700</u>	<u>3.344.030</u>	<u>30.670</u>
Eignakaup .....	26.800	26.800	113.445	( 86.645 )
	<u>2.766.000</u>	<u>3.401.500</u>	<u>3.457.475</u>	<u>( 55.975 )</u>

0,588357859

Rekstrarreikningur ársins, sundurliðaður eftir tegundum, er með eftirgreindum hætti:

	2011	2010
Laun og launatengd gjöld .....	2.034.232	1.428.517
Önnur rekstrargjöld .....	2.837.860	2.098.137
Sértekjur .....	( 1.528.035 )	( 1.001.649 )
	<u>3.344.057</u>	<u>2.525.006</u>
Eignakaup .....	113.445	61.469
Samtals	<u>3.457.502</u>	<u>2.586.475</u>

## Skýringar

### Laun og starfsmannakostnaður

Launa- og starfsmannakostnaður hækkaði um 605,7 m.kr. á milli ára eða 42,4% en að teknu tilliti til fjölgunar ársverka var hækkunin 3,3%. Fjölgun ársverka er einkum vegna starfsmanna Varnarmálastofnunar sem færðust til Landhelgisgæslunnar með niðurlagningu Varnarmálastofnunar 1. janúar 2011. Áfallið orlof er ekki reiknað og fært upp í ársreikninginn.

	2011	2010
Dagvinna .....		
Yfirvinna og álagsgreiðslur .....	1.123.257.949	839.005.160
Aðrar greiðslur .....	389.594.751	245.600.659
Launatengd gjöld .....	81.521.267	42.358.045
Starfsmannakostnaður .....	431.356.152	298.276.136
	8.502.363	3.277.418
	<u>2.034.232.482</u>	<u>1.428.517.418</u>

### Sundurliðanir

#### 1. Sértekjur

Sértekjur stofnunarinnar jukust um 530,6 m.kr. milli ára eða um 62,1%. Mest var hækkun á leigutekjum eða um 515,5 m.kr. sem skýrist einkum af samstarfssamningi við Frontex, landamærastofnun Evrópu og fiskveiðieftirlit á vegum Evrópusambandsins (CFCA). Á árinu kom um 39,1 m.kr. framlag frá Nató sem tilheyrir þeim verkefnum sem stofnunin tók við þegar Varnarmálastofnun var lögð niður. Liðurinn aðrar tekjur hækkaði um 4,6 m.kr. á milli ára eða 20,9% meðal þeirra eru ýmiskonar endurgreiðslur. Stærsta einstaka endurgreiðslan var 7,5 m.kr. vegna gengisútreikninga á kaupleigu. Á liðnum sérfræðipjónusta og þjónustutekjur var um 35,2 m.kr. lækkun á milli ára. Lækkunin skýrist að mestu leyti af því að verkefnið við sprengjuhrensun á fyrrum varnarsvæði á Keflavíkurflugvelli er að klárast.

Leigutekjur .....	1.290.860.407	775.360.338
Sérfræðipjónusta og þjónustutekjur .....	10.047.752	45.277.132
Vörusala varahluta og sjómælinga .....	11.368.042	11.227.069
Skaðabætur .....	6.427.995	0
Styrkir og framlög .....	39.140.877	5.000
Aðrar tekjur .....	26.786.142	22.161.604
	<u>1.384.631.215</u>	<u>854.031.143</u>

#### 2. Tekjur af samrekstri

Tekjur af samrekstri hækkuðu um 2,1 m.kr. á milli ára eða um 1,9%. Þær eru að stærstum hluta eða um 60,7 m.kr. vegna kostnaðarhlutdeildar Neyðarlínunnar í rekstri vaktstöðvar siglinga og dómsmálaráðuneytisins. Tekjur vegna varðgæslu skipa námu 16,4 m.kr.

Kostnaðarhlutdeild .....	110.815.080	108.716.555
	<u>110.815.080</u>	<u>108.716.555</u>

## Skýringar

### Tekjur

Heildartekjum ársins skipt niður eftir deildum í samræmi við skiptingu gjaldaliða í rekstrarreikningi.

	2011	2010
Yfirstjórn og lager .....	55.118.399	46.838.615
Stjórnstöð .....	62.204.971	62.091.959
Loftvarnir .....	80.259.136	0
Sprengjudeild .....	26.157.459	44.314.717
Skiparekstur .....	370.652.587	394.428.140
Flugrekstur .....	920.754.929	444.720.104
Sjómælingar og kortagerð .....	12.887.525	9.255.088
	<u>1.528.035.006</u>	<u>1.001.648.623</u>

### 3. Yfirstjórn og lager

#### Yfirstjórn

Kostnaður vegna yfirstjórnar hækkaði um 23,6 m.kr. á milli ára eða 11,5%. Mest var hækkun á launakostnaði eða um 9,5 m.kr. á milli ára eða um 9,9% sem má einkum rekja til fjölgunar um eitt stöðugildi vegna verkefna fyrrum Varnarmálastofnunar og kjarasamningshækkana. Um 3,4 m.kr. hækkun var á húsnæðiskostnaði. Til yfirstjórnar teljast skrifstofa forstjóra, rekstur fjármála- og starfsmannasviðs, lögfræðingur, rekstur húsnæðis og önnur sameiginleg verkefni.

Laun og starfsmannakostnaður .....	105.762.471	96.225.661
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	10.527.387	7.605.843
Funda- og ferðakostnaður .....	7.327.001	4.406.617
Aðkeypt sérfræðiþjónusta .....	16.640.736	18.325.228
Húsnæðiskostnaður .....	53.928.567	50.519.292
Rekstur tækja og áhalda .....	19.800.654	16.500.157
Annar rekstrarkostnaður .....	15.240.936	12.083.447
	<u>229.227.752</u>	<u>205.666.245</u>

## Skýringar

### Rekstrarvörulager

Kostnaður vegna rekstrarvörulagers hækkaði um 1,9 m.kr. á milli ára eða 20,2% sem skýrist einkum af birgðabreytingu á lager. Til rekstrarvörulagers telst auk launa, einkennisfatnaður, rekstur bifreiða og annað sameiginlegt fyrir aðrar deildir.

	2011	2010
Rekstrarkostnaður .....	11.473.881	9.549.156
	<u>11.473.881</u>	<u>9.549.156</u>
<b>Yfirstjórn og lager samtals</b>	<b><u>240.701.633</u></b>	<b><u>215.215.401</u></b>

### 4. Aðgerðarsvið

Rekstrarkostnaður aðgerðarsviðs framkvæmdastjórnar hækkaði um 3,2 m.kr. milli ára eða um 8,1%. Launakostnaður hækkaði um 1,6 m.kr. eða 4,5% og skrifstofu- og stjórnunarkostaður um 1,3 m.kr. Hækkunin skýrist einkum þátttöku í gerð veðurspá líkans með Almannavörnum og fleiri aðilum.

Laun og launatengd gjöld .....	37.768.053	36.135.315
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	1.664.771	374.432
Funda- og ferðakostnaður .....	1.420.413	1.676.479
Annar rekstrarkostnaður .....	1.464.231	950.759
	<u>42.317.468</u>	<u>39.136.985</u>

### 5. Stjórnstöð

Rekstrarkostnaður stjórnstöðvar hækkaði um 13,10 m.kr. milli ára eða um 9,0%. Mest var hækkun á launakostnaði eða um 14 m.kr. eða 11% sem skýrist einkum af afleysingar í stjórnstöð voru meiri á árinu.

Laun og launatengd gjöld .....	140.725.400	126.728.695
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	2.868.768	3.310.251
Funda- og ferðakostnaður .....	1.616.072	1.036.256
Aðkeypt sérfræðipjónusta .....	9.213.355	11.183.755
Rekstur tækja og áhaldar .....	2.240.412	1.692.589
Annar rekstrarkostnaður .....	2.570.846	2.169.163
	<u>159.234.853</u>	<u>146.120.709</u>

## Skýringar

### 6. Sprengjudeild

Kostnaður við rekstur sprengjudeildar jókst um 11,1 m.kr. á milli ára eða 14,6%. Mest var hækkun eða um 12,4 m.kr. á launakostnaði. Breytingin skýrist m.a. af því að á árinu 2010 voru tveir starfsmenn deildarinnar lánaðir á aðrar deildir sem skýrir minni launakostnað á því ári auk þess var bætt við starfsmanni á árinu 2011.

	2011	2010
Laun og launatengd gjöld .....	56.340.624	43.943.873
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	3.351.480	1.672.482
Funda- og ferðakostnaður .....	3.365.754	4.474.153
Sprengiefni .....	4.985.547	3.116.838
Eldsneyti, olíur og aðrir orkugjafar .....	5.235.830	6.736.954
Rekstur tækja og áhalda .....	4.285.733	6.184.531
Annar rekstrarkostnaður .....	9.798.485	10.120.420
	<u>87.363.453</u>	<u>76.249.251</u>

### 7. Köfunarsveit

Kostnaður við rekstur köfunarsveitarinnar hækkaði um 0,2 m.kr. á milli ára eða 2,2%. Um 2,1 m.kr. hækkun var á liðnum launum og launatengdum gjöldum sem skýrist einkum af fleiri köfunum á árinu en greidd er mánaðarleg þóknun og þóknun fyrir hverja köfun.

Laun og launatengd gjöld .....	7.064.318	4.982.182
Rekstur tækja og áhalda .....	1.151.278	2.856.353
Annar rekstrarkostnaður .....	412.331	604.201
	<u>8.627.927</u>	<u>8.442.736</u>

<b>Stjórnstöð, sprengjudeild og köfunarsveit samtals</b>	<b><u>255.226.233</u></b>	<b><u>230.812.696</u></b>
--	---------------------------	---------------------------

### 8. Skiparekstur

Heildarkostnaður skipadeildar nam um 1.131,7 m.kr. sem er hækkun um 331,2 m.kr. á milli ára eða um 41,4%. Hækkunina má einkum rekja til erlendra verkefna á árinu en á móti útgjöldum eru verulegar sértekjur. Launagreiðslur við skiparekstur námu samtals 551,3 m.kr. en þær hækkuðu um 134,2 m.kr. frá árinu á undan eða um 32,2%.

## Skýringar

### v/s Ægir

Rekstrarkostnaður v/s Ægis hækkaði um 23,6 m.kr. á milli ára eða 11%. Ægir var leigður út í tvö verkefni erlendis á árinu. Á móti útgjöldum eru verulegar sértekjur. Sigldar sjómíllur voru 15.615 á árinu 2011 en voru 24.502 sjómíllur á árinu 2010, fækkun um 8.887 mílur eða 56,9%.

	2011	2010
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	9.759.573	8.415.496
Funda- og ferðakostnaður .....	31.504.298	37.615.258
Aðkeypt sérfræðiþjónusta .....	1.628.674	1.464.021
Rekstur skips .....	43.058.080	40.922.340
Eldsneyti, olíur og aðrir orkugjafar .....	85.657.147	62.094.733
Rekstur tækja og áhalda .....	37.946.181	24.278.902
Varahlutir og viðgerðir .....	3.474.414	11.437.056
Annar rekstrarkostnaður .....	25.169.605	28.387.278
	<u>238.197.972</u>	<u>214.615.084</u>

### V/s Þór

Kostnaður vegna v/s Þór hækkaði um 46,2 m.kr. á milli ára. Hækkunin skýrist af ýmis konar kostnaði við standsetningu skipsins á árinu og vegur þar mest uppsetning á tölvukerfi í skipið. Sigldar sjómíllur voru 9.523 á árinu.

Laun og launatengd gjöld .....	1.268.979	0
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	9.566.011	457.673
Funda- og ferðakostnaður .....	1.513.723	28.600
Rekstur skips .....	9.921.970	0
Rekstur tækja og áhalda .....	20.500.118	726.117
Annar rekstrarkostnaður .....	5.461.351	215.806
	<u>48.232.152</u>	<u>1.428.196</u>

### v/s Týr

Heildarkostnaður við rekstur varðskipsins hækkaði um 132,6 m.kr. eða 89%. Varðskipið var nánast eingöngu á árinu í verkefnum erlendis fyrir CFCA. Sigldar sjómíllur voru 33.193 á árinu 2011 en voru 15.615 sjómíllur á árinu 2010, fjölgun um 17.578 mílur eða 113%, að langmestu leyti í verkefni erlendis.

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	10.263.080	6.860.009
Funda- og ferðakostnaður .....	17.588.277	189.552
Rekstur skips .....	63.889.672	29.521.784
Eldsneyti, olíur og aðrir orkugjafar .....	108.723.041	53.209.734
Rekstur tækja og áhalda .....	46.482.038	35.866.917
Varahlutir og viðgerðir .....	3.031.098	2.536.312
Annar rekstrarkostnaður .....	31.565.294	20.751.442
	<u>281.542.500</u>	<u>148.935.750</u>

## Skýringar

### Sameiginlegur skiparekstur

Kostnaður sameiginlegs skipareksturs hækkaði um 128,2 m.kr. á milli ára eða 29,4%. Mest eða um 134,2 m.kr. hækkun var á launakostnaði eða 32,2% sem skýrist af fjölgun starfsmanna á varðskipum vegna aukningar í erlendum verkefnum en kostnaðurinn var greiddur til baka í gegnum sértekjur. Lækkun annars rekstrarkostnaðar um 4,9 m.kr. má einkum rekja til 6,4 m.kr. lægri tilfærslna vegna björgunarlauna á árinu. Til sameiginlegs skipareksturs telst áhöfn varðskipa, skipatæknideild og öll starfsemi á Faxagarði.

	2011	2010
Laun og launatengd gjöld .....	551.259.930	417.032.159
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	1.696.806	1.567.011
Funda- og ferðakostnaður .....	1.639.534	307.912
Húsnæðiskostnaður .....	4.048.201	6.937.751
Eldsneyti, olíur og aðrir orkugjafar .....	680.312	348.069
Rekstur tækja og áhalda .....	205.043	217.228
Annar rekstrarkostnaður .....	4.237.409	9.187.641
	<u>563.767.235</u>	<u>435.597.771</u>
<b>Skiparekstur samtals</b>	<b><u>1.131.739.859</u></b>	<b><u>800.576.801</u></b>

### 9. Flugrekstur

Heildarkostnaður flugrekstrar hækkaði um 940,5 m.kr. milli ára eða 43,9% en hann nam 3.082,3 m.kr. á árinu 2011, þarf af nam kostnaður vegna loftvarnareftirlits 750,7 m.kr. Á árinu voru 2 þyrlur allt árið, TF Líf og TF Gná og flugvélin TF SIF. Flognir voru samtals 995 flugtímar á þyrlum og 807 flugtímar á

#### Flugskýli

Kostnaður af rekstri flugskýlis lækkaði um 4,7 m.kr. á milli ára eða 17,5%. Stofnunin rekur flugskýli þar sem allt viðhald á flugflota hennar fer fram.

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	572.280	1.239.854
Húsnæðiskostnaður .....	12.365.204	8.753.410
Birgðabreyting .....	( 2.038.386)	4.704.935
Annar rekstrarkostnaður .....	11.039.259	11.897.005
	<u>21.938.357</u>	<u>26.595.204</u>

## Skýringar

### Fluggæsla, tæknisvið

Rekstrarkostnaður vegna tæknisviðsins hækkaði um 50,4 m.kr. á milli ára eða 15,2%. Mest eða um 40,1 m.kr. hækkun var á launakostnaði eða 14,4% sem má einkum rekja til verkefna erlendis sem greidd voru til baka í gegnum sértekjur. Um 7,7 m.kr. hækkun var á skrifstofu- og stjórnunarkostnaði. Hækkunin má að mestu rekja til uppfærslu á tæknihandbókum vegna flugvélarinnar TF SIF.

	2011	2010
Laun og launatengd gjöld .....	318.041.362	277.900.072
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	16.837.755	9.107.224
Ferða- og námskeiðskostnaður .....	10.743.456	6.839.849
Húsnæðiskostnaður .....	2.527.296	5.568.938
Rekstur tækja og áhalda .....	22.211.132	19.795.221
Eldsneyti, olíur og aðrir orkugjafar .....	2.597.169	976.639
Annar rekstrarkostnaður .....	8.773.072	11.156.719
	<u>381.731.242</u>	<u>331.344.662</u>

### Fluggæsla, rekstur áhafna

Kostnaður við rekstur flugáhafnar stofnunarinnar, annarra en flugvirkja, hækkaði um 69,5 m.kr. eða sem nemur 15,0% milli ára. Mest eða um 52,6 m.kr. hækkun var á launakostnaði eða 14,9% á milli ára. Hækkunin skýrist einkum af ráðningu á flugrekstrarstjóra og fjölgunar flugmanna tímabundið vegna erlendra verkefna sem greitt er til baka í gegnum sértekjur. Ferða- og námskeiðskostnaður hækkaði um 10,8 m.kr. eða 12,2% sem skýrist einkum af þjálfunarkostnaði vegna fjölgunar flugmanna. Um 5,8 m.kr. leigugjöld skýrast af því að leigð var flugvél til að ná í varahlut í þyrllu og einnig leigð þyrlla vegna útkalls við Kverkfjöll þar sem hvorug þyrlla LHG var flughæf þegar útkallið kom.

Laun og launatengd gjöld .....	405.333.706	352.700.285
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	7.750.794	9.540.138
Ferða- og námskeiðskostnaður .....	99.384.365	88.548.500
Aðkeypt sérfræðiþjónusta .....	1.026.954	1.263.532
Leigugjöld .....	5.808.000	0
Rekstur tækja og áhalda .....	5.166.194	3.396.221
Annar rekstrarkostnaður .....	9.455.422	8.998.809
	<u>533.925.435</u>	<u>464.447.485</u>

## Skýringar

### TF-Sýn

Heildarkostnaður nam 0,5 m.kr. á milli ára sem er lækkun um 20,1%. Kostnaður er vegna skráningargjalda. Á árinu 2012 var flugvélin afskráð að fullu en um er að ræða gömlu Fokker flugvél LHG.

	2011	2010
Annar rekstrarkostnaður .....	444.174	556.193
	<u>444.174</u>	<u>556.193</u>

### TF-Sif

Kostnaður vegna TF-Sif hækkaði um 103,7 m.kr. á milli ára eða um 47,9%. Hækkunin skýrst m.a. af þjónustusamningi við eftirlitskerfi og vegna varahlutakaupa. Á móti kostnaði vegna verkefna erlendis eru sértekjur.

Eldsneyti, olíur og aðrir orkugjafar .....	108.455.178	78.522.938
Funda og ferðakostnaður .....	74.306.003	78.080.885
Rekstur tækja og áhalda .....	62.981.006	39.672.008
Annar rekstrarkostnaður .....	74.318.096	20.097.560
	<u>320.060.283</u>	<u>216.373.391</u>

### TF-Líf

Rekstrarkostnaður TF-Líf hækkaði um 114,0 m.kr. frá fyrra ári eða um 37,2%. Hækkunin skýrist einkum af viðhaldssamningi sem felur í sér að greitt er ákveðið gjald á hvern floginn flugtíma. Á móti jafnast viðhaldskostnaður til lengri tíma litið.

Eldsneyti, olíur og aðrir orkugjafar .....	62.077.908	22.617.874
Annar rekstrarkostnaður .....	358.155.025	283.585.704
	<u>420.232.933</u>	<u>306.203.578</u>

## Skýringar

### Loftrýmiseftirlit

Stærsti hluti af starfsemi og verkefnum Varnarmálastofnunar fluttist frá Varnarmálastofnun til Landhelgisgæslunnar á árinu. Á fjárlögum er sérstakt viðfang og fjárveiting vegna þessa sem heitir Loftrýmiseftirlit sem er í raun allur rekstur vegna varnartengdra verkefna, þ.m.t. loftrýmiseftirlit. Kostnaður vegna þess nam 750,7 kr. á árinu, þar af nam kostnaður vegna launa 336,8 m.kr. og reksturs húsnæðis og tækja 269,2 m.kr.

	2011	2010
Laun og launatengd gjöld .....	336.755.670	0
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	16.329.559	0
Ferða- og dvalarkostnaður .....	27.934.968	0
Aðkeypt sérfræðiþjónusta .....	25.916.997	0
Rekstur húsnæðis og tækja .....	302.883.565	0
Annar rekstrarkostnaður .....	40.849.605	0
	<u>750.670.364</u>	<u>0</u>

### TF-Eir

Kostnaður vegna TF-Eir nam 30,4 m.kr. á árinu. Um er að ræða kostnað vegna viðhalds erlendis frá fyrra ári en þyrlunni var skilað um mitt ár 2010.

Eldsneyti, olíur og aðrir orkugjafar .....	0	7.503.263
Rekstur tækja og áhalda .....	30.437.986	74.467.973
Annar rekstrarkostnaður .....	0	2.034.773
	<u>30.437.986</u>	<u>84.006.009</u>

### TF-Gná

Rekstrarkostnaður vegna þyrlunnar TF-Gná lækkaði um 33,2 m.kr. á milli ára eða 6,7%. Um 10,9 m.kr. hækkun var á eldsneytiskostnaði vegna fleiri flugtíma og herra eldsneytisverðs. Þyrlunni var flogið 324 flugtíma á árinu 2011 en 258 flugtíma á árinu 2010 sem er fjölgun um 66 flugtíma.

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	720.249	513.315
Aðkeypt sérfræðiþjónusta .....	915.841	14.990.275
Eldsneyti, olíur og aðrir orkugjafar .....	31.452.403	20.537.839
Rekstur tækja og áhalda .....	45.009.457	64.129.227
Leigugjöld .....	383.935.800	394.874.927
Annar rekstrarkostnaður .....	565.010	756.828
	<u>462.598.760</u>	<u>495.802.411</u>

## Skýringar

### Þyrlulæknar og búnaður

Kostnaður vegna þyrlulækna og búnaðar hækkaði um 1,0 m.kr. á milli ára eða um 2,8%. Samningur er við Landspítala um þjónustu lækna um borð í þyrlum stofnunarinnar.

	2011	2010
Aðkeypt sérfræðiþjónusta .....	37.148.000	36.264.000
Annar rekstrarkostnaður .....	136.503	12.366
	<u>37.293.795</u>	<u>36.276.366</u>

### Fluglager

Kostnaður vegna fluglagers lækkaði um 57,2 m.kr. á milli ára en til hans teljast varahlutir í flugvélar.

Rekstrarkostnaður .....	122.949.261	180.132.543
	<u>122.949.261</u>	<u>180.132.543</u>
<b>Flugrekstur og loftrýmiseftirlit samtals</b>	<b><u>3.082.282.590</u></b>	<b><u>2.141.737.842</u></b>

## Skýringar

### 10. Sjómælingar og sjókortagerð

Á árinu nam rekstrarkostnaður sjómælinga og kortagerðar 88,0 m.kr. sem er 14,1 m.kr. hækkun eða 19% frá árinu áður. Sjómælingum er skipt upp í tvær deildir, þ.e. kortadeild þar sem fram fer úrvinnsla á rannsóknargögnum og kortagerð ásamt sölu á þeim og rekstur sjómælingabátsins Baldurs.

#### Sjómælingar og kortagerð

Rekstrarkostnaður sjómælinga og kortadeildar hækkaði um 4,6 m.kr. frá árinu áður eða um 7,9%. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður hækkaði um 2,0 m.kr. sem skýrist af pappírskaupum fyrir sjókort. Launakostnaður lækkaði um 1,4 m.kr. eða um 2,6%. Lækkun launakostnaðar má rekja til hækkunar launakostnaðar á liðnum m/s Baldur sem skýrist af því að sömu starfsmenn sinna sjókortagerð og sjómælingum að hluta.

	2011	2010
Laun og launatengd gjöld .....	54.145.412	55.598.738
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	5.257.966	3.247.231
Ferða- og námskeiðskostnaður .....	1.489.322	1.611.045
Aðkeypt sérfræðipjónusta .....	82.602	175.614
Rekstur tækja og áhalda .....	590.888	176.671
Birgðabreyting .....	0 (	4.549.254)
Annar rekstrarkostnaður .....	1.242.214	1.724.494
	<u>62.808.404</u>	<u>57.984.539</u>

#### m/s - Baldur

Kostnaður við rekstur m/s Baldurs hækkaði um 9,2 m.kr. á milli ára eða um 57,8%. Mest var hækkun eða um 3,8 m.kr. á launum sem skýrist af auknu úthaldi á Baldri en úthald fer eftir eðli verkefna.

Laun og launatengd gjöld .....	12.729.217	8.899.753
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	416.042	176.431
Eldsneyti og olíur .....	3.276.883	2.316.455
Varahlutir og viðgerðir .....	7.291.792	2.847.139
Annar rekstrarkostnaður .....	1.463.013	1.710.210
	<u>25.176.947</u>	<u>15.949.988</u>

## Skýringar

### 11. Eignakaup

Eignakaup jukust um 52,0 m.kr. á milli ára eða um 84,6%. Heildarkaup vegna tölvumála námu um 50 m.kr. á árinu auk þess var fjárfest í þremur nýjum bifreiðum. Einnig voru ýmis tæki og búnaður endurnýjaður á árinu.

	2011	2010
Áhöld, húsgögn og skrifstofutæki .....	95.550.867	59.269.102
Mæli-, rannsóknar- og þjálfunartæki .....	4.831.374	0
Önnur farartæki og vélar .....	533.218	2.200.000
Bifreiðar .....	12.529.260	0
	<u>113.444.719</u>	<u>61.469.102</u>

### 12. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur .....	3.335.620	8.996.473
Gengishagnaður .....	29.253.091	29.904.452
Vaxtagjöld .....	( 1.226.170)	( 32.545)
Gengistap .....	( 29.999.870)	( 23.663.603)
Fjármagnstekjuskattur .....	( 585.934)	( 1.544.232)
	<u>776.737</u>	<u>13.660.545</u>

### 13. Staða við ríkissjóð

Í efnahagsreikningi er gerð sérstök grein fyrir greiðslustöðu stofnunarinnar gagnvart ríkissjóði. Þannig er skuld eða inneign færð um viðskiptareikning ríkissjóðs í reikningsskilum stofnunarinnar. Í árslok 2011 nam skuld stofnunarinnar við ríkissjóð 138,4 m.kr. og hafði staðan versnað um 291,9 m.kr. á árinu.

Staða 1. janúar 2011 .....	153.507.829
Flutt staða 1. janúar 2011 frá Varnarmálastofnun .....	285.129.721
Ríkisframlag .....	3.401.500.000
Greiðslur .....	( 3.986.726.743)
Millifærslur .....	8.187.300
Staða 31. desember 2011 .....	<u>( 138.401.893)</u>

## Skýringar

### 14. Eigið fé

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluaðferð leiðir það af sér að höfuðstóll stofnunarinnar sýnir uppsafnaðan tekjuafgang hennar gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Í lok ársins 2011 sýnir höfuðstóll stofnunarinnar uppsafnaðan tekjuafgang að fjárhæð 423,3 m.kr. og hafði staðan versnað um 56 m.kr. frá árinu á undan. Bundið eigið fé nam 7,3 m.kr. og var óbreytt frá fyrra ári. Samtals nam eigið fé 430,6 m.kr.

#### Höfuðstóll

Höfuðstóll 1. janúar 2011 .....	372.849.033
Flutt staða 1. janúar frá Varnarmálastofnun .....	106.510.665
Tekjuhalli fyrir ríkisframlag .....	( 3.457.474.821)
Ríkisframlag .....	3.401.500.000
Höfuðstóll 31. desember 2011 .....	<u>423.384.877</u>

#### Annað eigið fé

Framlag til eignamyndunar .....	7.324.606
Framlag til eignamyndunar .....	<u>7.324.606</u>
	<u>430.709.483</u>

#### Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:

	2011	2010	2009	2008	2007
<b>Rekstur</b>					
Rekstrartekjur ..	1.528.035	1.001.622	243.696	208.659	247.550
Rekstrargjöld .... ( 4.872.065)	( 3.526.628)	( 2.846.365)	( 2.840.290)	( 2.584.804)	
Stofnkostn. .... ( 113.445)	( 61.469)	( 21.723)	( 25.240)	( 53.752)	
Tekjuafgangur ( 3.457.475)	( 2.586.475)	( 2.624.392)	( 2.656.871)	( 2.391.006)	
Ríkisframlag .....	3.401.500	2.834.700	2.904.443	2.603.557	2.645.000
Tekjuafg. (-halli) ( 55.975)	<u>248.225</u>	<u>280.051</u>	<u>( 53.314)</u>	<u>253.994</u>	
<b>Efnahagur</b>					
Veltufjármunir .	1.059.567	739.303	349.498	159.273	140.877
Eignir alls	<u>1.059.567</u>	<u>739.303</u>	<u>349.498</u>	<u>159.273</u>	<u>140.877</u>
Höfuðstóll .....	430.709	380.174	131.949	( 147.436)	( 94.122)
Skammt.sk. ....	628.857	359.129	217.549	306.709	235.000
Eigið fé og sk.	<u>1.059.567</u>	<u>739.303</u>	<u>349.498</u>	<u>159.273</u>	<u>140.877</u>